

**Kæru gestir, leiðbeinendur og útskriftarnemar.**

**Í dag er stóri dagurinn í starfi Sjúkraflutningaskólans, dagurinn sem þið hafið stefnt að og markar þáttaskil, þið að klára námið ykkar, sum grunnám og önnur lengra komin og lok starfsárs skólans. Það er ávallt ánægjulegt að sjá nýjan hóp af útskriftarnemum og við tengjum þennan dag við vor og væntingar.**

**Skólinn útskrifar nú 265 nemendur eftir síðasta skólaár þar af eru 92 að fá grunnréttindi sem sjúkraflutningamenn EMT, 32 útskrifast með framhaldsmenntun AEMT og 141 vettvangsliðar EMR. Grunnámskeiðið er 260 klst, og þar af er starfsþjálfun 56 tímar, á sjúkrabílum og á bráðamóttöku. Samtals voru haldin 8 grunnámskeið sl ár, tvö í Sandgerði, , tvö á Akureyri, tvö á Selfossi, eitt á Fáskrúðsfirði og eitt í Reykjavík. Námskeiðin voru bæði á haust og vorönn og byggjast á staðli og námsefni frá USA sem þýtt er og staðfært. Þess má einnig geta að af þessum 92 nemendum voru 17 sendir sendur á vegum rekstraraðila sjúkraflutninga en 75 kom á eigin vegum.**

**32 nemendur eru nú að ljúka framhaldsnámi í sjúkraflutningum, AEMT, Reynslan er sú að allflestir sem fara að vinna við sjúkraflutninga bæta þessu námi við sig enda gert ráð fyrir því í verkferlum. Þetta framhaldsnám byggir einnig á framhaldsnámi í Bandaríkjunum sem nefnt er EMT-Advanced og byggir á námsefni þaðan sem hefur verið þýtt og staðfært eins og grunnámskeiðið og**

**vettvangsliðanámið líka. Framhaldsnáminu er skipt upp í fjórar lotur sem hver um sig er 80-120 tímar. , auk lokafærnimats. Á síðasta ári voru haldin haldin 12 námskeið í lotum 1-4 auk lokafærnimats með samtals 155 þátttakendum.**

**En síðast en ekki síst eru það vettvangsliðar en 141 nemendur hafa lokið 40 klst námi sem Vettvangsliðar (First Responders) sl. vetur. Það nám er ætlað þeim einstaklingum sem eru líklegir til að verða fyrstir á vettvang slysa, s.s lögreglu, slökkviliðs- eða björgunarsveitarmenn og aðrir skipulagðir hópar þar sem langt er í aðrar bjargir eða veita þarf sérstaka þjónustu áður en sjúkraflutningamenn kemur á vettvang. Námskeiðið er byggt á viðurkenndum bandarískum staðli og staðfært að íslenskum aðstæðum og inniheldur bæði bóklega og verklega kennslu.**

**12 slík vettvangsliðanámskeið hafa verið haldin frá síðustu útskrift, þar af sjö fyrir lögreglunema í Háskólanum á Akureyri en nú fá allir lögreglunemar menntun sem vettvangsliðar, en einnig námskeiði fyrir Slökkviliðið á Þingeyjarsveit og slökkvilið Norðurþings, vettvangsliða í Grímsey, og Kjalarnesi, auk námskeiða fyrir Securitas sem sinna neyðarhnöppum og Isavia á Keflavíkurflugvelli. Vettvangsliðar skipa æ stærri sess í viðbragðsþjónustunni og eru mikilvæg viðbót. Menntun lögreglunema er mikil framför í öryggismálum og viðbragði þar sem víða eru lögreglumenn fyrstir á vettvang slysa og veikinda og geta þá hafið fyrstu aðgerðir meðan beðið er komu**

**sjúkraflutningamanna og unnið með sjúkraflutningamönnum á vettvangi.**

**Önnur verkefni sem skólinn sinnir er endurmenntun. Á síðasta ári voru haldin 25 endurmenntunarnámskeið með samtals 298 nemendum. Mest er um að ræða ERC námskeiðin hafa verið í samstarfi við Evrópska endurlífgunarráðið og eru þá ILS og EPILS, ALS og EPALS en einnig hefðbundin endurmenntunarnámskeið. Árið 2025 hafa þá 682 nemendur rúllað í gegn hjá okkur á 62 námskeiðum og hefur verið nóg að gera.**

**Sjúkraflutningaskólinn er ekki stór stofnun en snýst um skipulag og utanumhald um námið. Fastir starfsmenn eru aðeins tveir auk umsjónarmanns búnaðar í hlutastarfi en á síðasta ári komu rétt um 100 leiðbeinendur að kennslunni með einum eða öðrum hætti. Húsnæði eigum ekki en ég vil þakka sérstaklega samstarfsaðilum í húsnæðismálum, Slökkviliði Akureyrar, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Slökkvilið Fjarðarbyggðar, Brunavarna Árnassýslu, Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og ekki síst Brunavarna Suðurnesja sem við höfum átt einstakt samstarf við með kennsluaðstöðu í Sandgerði.**

**En nóg af tölum. Við fáum nánast daglega fréttir af stórum sem smáum slysum. Stór og smærri slys þar sem reynir á samvinnu og aðkomu margra viðbragðsaðila sem þurfa að vinna saman eins og ein smurð vél þegar á reynir. Samvinna ólíkra viðbragðsaðila víða af landinu, björgunarsveita jafnt sem atvinnumanna sýnir styrk okkar sem samfélags.**

**Banaslys og óvænt dauðsföll er ávallt eitt af því erfiðasta í okkar störfum að fást við, því við erum jú þjálfuð til að bjarga. En það sem sjaldnar ratar í fréttir eru öll tilfellið sem þið standið frammi fyrir og reyna ekki síður á. Ég hef verið að skoða starfsþjálfunarskýrslurnar frá ykkur og það vakti athygli mína öll tilfellið þar sem ungt fólk reynir að taka líf sitt, neysla áfengis og fíkniefna spilar þar oft inni og margir komnir á endastöð í neyslu slíkra efna. Við þurfum sem samfélag að leita allra leiða til að sporna við því að þetta gerist og þurfum að hlúa að unga fólkinu okkar og bjóða þeim upp á tækifæri til að takast á við spennandi verkefni og finna þannig jákvæðan tilgang í lífinu. Jafnframt því að úrræði séu til staðar og betri aðgangur að þeirri geðheilbrigðisþjónustu sem þörf er á. En hinn þátturinn sem er vert að nefna er hækkandi aldur þjóðarinnar og mikilvægi okkar í að sinna öldruðum og þjónusta þá með þeirri virðingu og nærgætni sem þeir eiga skilið. Engin biður um að verða minna sjálfbjarga og vera öðrum háður en það er okkar hlutverk að sinna þessum hópi eins og þeir væru okkar nánustu. Munið að sá sem hefur ekki lengur stjórn á því hvenær hann kemst á salerni það ekki um það og á líklegast börn eða barnabörn á ykkar aldri. Sinnum alltaf öldruðum eins og við værum að sinna okkar nánasta fólki, foreldrum eða afa og ömmu okkar.**

**Við sitjum hérna í Flugsafni Íslands sem sett var á stofn í litlu flugskýli hér annarsstaðar á vellinum af nokkrum hugsjónamönnum. Hér blasir sagan við í hverju horni, bæði**

saga farþegaflugs en ekki síður björgunar- og sjúkraflugs. Frumkvöðlar og hugmyndasmiðir sem ekki alltaf eru sýnilegir hafa unnið hörðum höndum að því að móta þá þjónustu sem við teljum sjálfsagða í dag.

Mikilvægt er að við horfum ávallt á sjúkraflutninga sem hluta heilbrigðisþjónustunnar. Því þarf ávallt að horfa til þess hvernig við komum hinum sjúka/slasaða á sem öruggastan hátt í viðeigandi meðferð um leið og við horfum til þess hvaða meðferð þarf að veita fyrir flutning og í flutningi. Þessi þáttur má ekki gleymast í umræðum og skipulagi heilbrigðisþjónustunnar. Má í því sambandi minnst á umræðu um samgöngur og innviði, sjúkraflug, mikilvægi flugvalla og flugvallarþjónustu og staðsetningu þyrlupalla en ekki síður aðkomu sjúkrabíla, aðkomuleiðir og samgönguleiðir til að koma sjúkrabílum á öruggan hátt að viðkomandi sjúkrahúsi.

Kæru nemendur.

Þið eruð kannski ekki með lengsta námið miðað við marga aðra en klárlega er ykkar nám ekki minna mikilvægt og verkefnin sem þið eigið eftir að standa frammi fyrir verða örugglega hvorki auðveld né þægileg. En með þekkingu, þjálfun, rólegum huga og jákvæðu hugarfari er ég þess fullviss að þið eigið eftir leysa verkefni ykkar vel af hendi! Munið að sinna öllum skjólstæðingum eins og þið væruð að sinna ykkar nánustu. Það hefur engin kosið sér þá stöðu að

**leita eftir okkar þjónustu og við erum öryggisnet sem fólk treystir á þegar veikindi eða slys ber að höndum.**

**Mikilvægast í okkar þjónustu er að láta okkur annt um okkar skjólstæðinga! Það á að vera okkar markmið.**

**Ég vil að lokum þakka nemendum og leiðbeinendum skólans fyrir mjög gott samstarf, rekstraraðilum sjúkraflutninga, framkvæmdastjórn SAK, fagraði sjúkraflutninga, samstarfsaðilum hjá Evrópska endurlífgunarráðinu, mennta og starfsþróunarsetri lögreglu, umsjónarmannahópnum sem fær sérstakar þakkir, og svo allra þeirra sem hafa tekið á móti nemendum í starfsþjálfun og klínískt nám.**

Ingimar Eydal

Skólastjóri